

## GJALDSKRÁ

### vegna hunda- og kattahalds í Fellahreppi.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaeygendur sem búsettir eru innan þéttbýlis í Fellahreppi, skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald í Fellahreppi, sem staðfestar voru af umhverfisráðuneytinu 20. júní 2003.

#### 2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 9.000 á hvern hund við skráningu. Síðan skal innheimta hundaleyfisgjald að upphæð kr. 6.500 á hvern skráðan hund á ári.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 7.500 á hvern kött við skráningu. Síðan skal innheimta kattaleyfisgjald að upphæð kr. 5.000 á hvern skráðan kött á ári.

Heimilt er að lækka hundaleyfis- og kattaleyfisgjald sem nemur ársiðgjaldi ábyrgðartryggingar dýrsins.

Innifalið í leyfisgjaldi er hreinsunargjald hjá dýralækni og ein örmerking hundar eða kattar hjá dýralækni.

#### 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald í Fellahreppi, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 4.000 og að auki kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem dýr hefur verið í vörslu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflíf-unarkostnað.

#### 4. gr.

Ofangreind galdskrá var samþykkt af sveitarstjórn Fellahrepps þann 28. maí 2003, á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

*Fellahreppi, 20. júní 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Fellahrepps,

**Jens P. Jensen** sveitarstjóri.